

lögveði í húseigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga, með fasteignamatsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Gjalddagi holræsagjalda er 2. janúar ár hvert.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Búðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. desember 1973.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Egilsstaðahrepps, Suður-Múlasýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd Egilsstaðahrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði, sem vatnsveitan nær yfir.

2. gr.

Hreppsnefnd fer með yfirstjórn vatnsveitunnar. Hreppsnefnd og sveitarstjóri annast öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna varða svo og viðhald vatnsveitunnar og umsjá alla. Hreppsnefnd skal heimilt að ráða sérstakan umsjónarmann vatnsveitunnar, er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu og annist öll þau störf í þágu vatnsveitunnar, er þurfa þykir. Hreppsnefnd getur löggilt sérstaka vatnsvirkja til að annast viðhald og viðauka við vatnsveituna í samráði við hreppsnefnd, og er þeim skylt að fara í öllu eftir þeim reglum, er hreppsnefnd setur þeim.

3. gr.

Frá vatnsæðum veitunnar má enginn leggja vatnsæðar, nema með leyfi hreppsnefndar Egilsstaðahrepps.

4. gr.

Vatnsveitan er sjálfstætt fyrirtæki í eigu Egilsstaðahrepps með sérstöku reikningshaldi. Reikningsár veitunnar er almanaksárið og annast sveitarstjóri reikningshaldið, innheimtur og greiðslur. Reikningar vatnsveitunnar skulu endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsreikninga og fylgja þeim ár hvert.

5. gr.

Hver sá, sem óskar að kaupa vatn af Vatnsveitu Egilsstaðahrepps, skal senda beiðni um það til umsjónarmanns hennar.

Ef um beiðni til almennrar heimilisnotkunar er að ræða, skal umsjónarmaður láta framkvæma tengingu við fyrsta tækifæri án frekari skilyrða.

Ef um beiðni um vatnsnot til annarra þarfa er að ræða, skal umsjónarmaður leita álits yfirstjórnar vatnsveitunnar, sem setur nánari fyrirmæli og skilyrði, ef ástæða er til.

Vélar og önnur tæki, þau er nota vatn, önnur en venjuleg heimilistæki má ekki tengja við hús eða heimæðar, nema að fengnu leyfi vatnsveitunnar. Einnig getur vatnsveitan fyrirskipað breytingar á eldri tækjum og vélum, ef nauðsyn krefur. Réttur húseigenda til vatnsnota skuldbindur ekki vatnsveituna til að tryggja, að þrýstingur í götuæðum sé ávallt nægjanlegur. Ef sýnt þykir, að götuæðar þær, sem fyrir eru, geta eigi séð atvinnufyrirtækjum eða öðrum, sem óska eftir vatni til annarra þarfa en heimilis, fyrir nægjanlegu vatni, er þeim notanda skylt að greiða kostnað við nauðsynlegar úrbætur, eftir úrskurði vatnsveitunnar.

6. gr.

Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað af lagningu vatnsæðar frá aðalæð í hús sitt og annast viðhald hennar.

7. gr.

Skylt er hverjum húseiganda og öðrum, sem vatnsæð hefur, að halda vatnsæðum sínum vel við og láta án tafar gera við þær, ef leki kemur að þeim. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í æðunum. Framkvæmi eigandi ekki nauðsynlegar viðgerðir án tafar, er vatnsveitunni heimilt að gera það á kostnað eiganda.

8. gr.

Hreppsnefnd, umsjónarmanni og löggiltum vatnsvirkjum er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, er sett eru í samband við þær. Ef þeim þykir útbúnaði í einhverju ábótavant, skal tafarlaust bæta úr því á kostnað eiganda.

9. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að láta gera við bilanir á pípum og tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjaldþegum. Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðar eru lokaðar af þessum sökum. Hreppsnefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, sé skortur á vatni. Þá getur hún og lokað fyrir vatnið, þegar þörf krefur vegna hreinsunar eða annarra framkvæmda við vatnsveituna, enda sé það tilkynnt áður, sé þess nokkur kostur.

10. gr.

Árlegur vatnsskattur skal vera sem hér segir:

- a) Af hverri sjálfstæðri íbúð skal greiða kr. 1500.00 árlega. Sé íbúðin stærri en 450 rúmmetrar greiðist til viðbótar kr. 2.00 fyrir hvern rúmmetra umfram þá stærð.
- b) Af öðrum húsum en íbúðarhúsum, sem tengd eru við vatnsveitukerfið, skal greiða kr. 2.00 á hvern rúmmetra í húsinu.
- c) Heimilt er hreppsnefnd að setja upp vatnsmæla hjá þeim fyrirtækjum og einstaklingum, sem nota mikið vatn. Skal þá greiða kr. 2.50 fyrir hvert tonn vatns, sem notað er, enda séu öll vatnsgjöld þar innifalin, nema mælaleiga, sem skal vera kr. 400.00 á ári.
- d) Steypustöðvar til húsagerðar eða iðnaðar auk framangreindra gjalda samkv. b) lið kr. 30.00 fyrir hvert tonn sements, sem steypt er úr.

11. gr.

Þar sem vatn er selt samkvæmt mæli, greiðir vatnsveitan kostnað við kaup og uppsetningu mælisins. Vatnsveitan sér um eðlilegt viðhald hans, en allar skemmdir af mannavöldum og frostum ber húseiganda að bæta. Ef maður rýfur innsigli vatns-mælis varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum. Vatnsveitan sjálf ákveður stærð og gerð mælis í samræmi við notkun á hverjum stað. Ber húseiganda að tilkynna vatnsveitunni tafarlaust um bilanir á vatnsmæli, er hann kann að verða var við þær.

12. gr.

Gjalddagi vatnsskatts er hinn sami og gjalddagi fasteignaskatts. Vatnsskattur samkvæmt mælum greiðist ársfjórðungslega eftir álestri.

13. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað um allt að 50% — fimmtíu af hundraði — bæði einstaka liði og í heild, án staðfestingar ráðuneytis.

14. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vegna húss síns, eigandi fyrirtækis ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts vegna fyrirtækis síns. Vatnsskattinn má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eignum næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsveði fyrir hvers konar sanningsveði og aðfararveði, án tillits til eigendaskipta.

15. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggí við að lögum. Mál út af broti á reglugerð þessari skal farið með sem opinbert mál.

Reglugerð þessi, sem samín er og samþykkt af hreppsnefnd Egilsstaðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld eldri reglugerð fyrir vatnsveitu Egilsstaðahrepps nr. 3/1954.

Félagsmálaráðuneytið, 14. desember 1973.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Gjald fyrir afnot stöðumælareita í Tryggvagötu á milli Kalkofnsvegur og Naustanna hefur verið ákveðið 10 krónur fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur. Hámarksstöðulími er ein klukkustund.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 18. desember 1973.

Sigurjón Sigurðsson.